



Fundargerð

1527. fundur bæjarráðs Reykjaneshafnar, haldinn á Grænásbraut 910
21. ágúst 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Gunnar Felix Rúnarsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Margrét A. Sanders.

Að auki sátu fundinn Valgerður Björk Pálsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Mælaborð janúar-júní 2025 (2025060044)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mættu á fundinn og fóru yfir mælaborð sinna sviða tengt sex mánaða uppgjöri.

Mælaborð lögð fram til upplýsinga.

2. Fjárhagsáætlun 2026-2029 (2025060320)

Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað - Rammi fjárheimilda 2026.

3. Útboð váttrygginga Reykjaneshafnar og Tjarnargötu 12 ehf. (2025080266)

Margrét A. Sanders vék af fundi undir málinu.

Kristinn Þór Jakobsson innkaupastjóri mætti á fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Lagt fram minnisblað um útboð á váttryggingum Reykjaneshafnar og Tjarnargötu 12 ehf.

Bæjarráð samþykkir 4-0 að taka tilboði TM í váttryggingar fyrir Reykjaneshafnar og Tjarnargötu 12 ehf. en vísar ákvörðun um töku tilboðs í váttryggingar Reykjaneshafnar til atvinnu- og hafnarráðs.

4. Fjórheimar - umsókn um tækifærisleyfi (2025080182)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu - Iceland Diamond ehf., Klettatröð 11A (2025080296)

Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um leyfi fyrir geymslustað ökutækja vegna ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

6. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. 10. júní 2025 (2025010370)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingastöðvar sf.

7. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 13. ágúst 2025 (2025010161)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40.